

um að honum verði veitt hæfileg borgun fyrir útleggingu þá, er hann hefir samið á „Anabasis Xenofóns”, eða að minnsta kosti fyrir þann hluta af útleggingu, sem komin er út á prenti með skýrslunni um latínuskólann í Reykjavík skólaárið 1864—65.

1866.

3. maí.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörð það beiðanda, að Halldóri Friðrikssyni, skólakennara, eru veittir 40 rd. fyrir þær 5 arkir af útleggingu þessari, sem búið er að prenta, og skal því við bætt, að landfógetanum hefir verið skrifað í dag um að borga fê þetta úr jarðabókarsjóði Íslands.

40. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um ávísanir og víxlbréf.

5. maí.

Til þess að komast hjá þeim sêrstaklegum vandkvæðum, sem það er bundið að stimpla ávísanir, sem embættismenn og sýslunarmenn á Íslandi borga með tekjur þær, sem þeir hafa undir höndum fyrir ríkissjóðinn, og afsalaur sem á þær eru ritadar, setti dómsmálastjórnin þá reglu í bréfi til allra amtmannanna á Íslandi, dagsettu 13. aprílmán. 1864, að ávísunum uppá verzlunarhús hêr verði ekki framvegis viðtaka veitt, nema þær í fyrsta lagi sê stýladar til dómsmálastjórnarinnar sjálfrar, og í öðru lagi sê stýladar þannig, að þær eigi að borgast undireins og þær eru sýndar, og að víxlbréf megi öldungis ekki hafa til að gjöra skil fyrir tekjum ríkissjóðsins. Eptir þetta hafði þêr, herra amtmáður, með bréfi dagsettu 18. febrúarmán. f. á. sent hingad tvær bænarkrár, þar sem þess er farið á leit, að reglu þeirri, sem dómsmálastjórnin hafði sett um þetta efni, verði breytt, og er þar einkum tekið fram, að það með öllum jafnadi sê ómögulegt að fá hjá verzlunarfulltrúnum eða kaupmönnunum á Íslandi ávísanir uppá verzlunarhús hêr, sem sêu stýladar þannig, að þær eigi að borgast undir eins og þær

1866.
5. maí.

eru sýndar, svo að skattheimtumönnunum með þessu optast nær verði meinað að borga tekjur þær, sem þeim er trúað fyrir, á þann hátt, sem tilkæpt hefir hingað til.

Þess skal fyrst og fremst getið, að úrræði það, sem þér hafið stungið uppá, herra amtmaður, í áður nefndu bréfi yðar, það er segja að færa skattheimtumönnunum stimplunarkostnaðinn til skuldar í útasetningunum útá reikning þann, sem átt er við, ekki verður notað, vegna ymsra vandkvæða, sem það er bundið. Eftir að skrifazt hefir verið á við fjárstjórnina um málefni þetta, skal yður nú til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, og til þess að þér kunngjörið það öllum embættismönnum og sýslunarmönnum í umdæmi því, sem þér eruð settur yfir, að dómsmálastjórnin framvegis eins og fyr krefst þess, að slíkar ávísanir sé stýlaðar til hennar sjálfar, og sömuleiðis bannar framvegis að hafa víxlbréf til að gjöra skil fyrir tekjum ríkissjóðsins, en, þegar hlutaðeigendur ekki geta fengið ávísanir, sem eru stýlaðar þannig, að þær eigi að borgast þegar þær eru sýndar, þá vill stjórnarráðið eftir málavöxtum, og einkum bæði vegna þess, hversu örðugt það er fyrir skattheimtumennina að láta stimpla ávísanirnar, þar sem það verður að gjörast hér í bænum, og líka vegna þess, að hér er einungis um lítilræði að gjöra, ekki synja að veita viðtöku ávísunum, sem eru stýlaðar þannig, að þær eiga að borgast nokkrum tíma eftir að þær hafa verið sýndar, svo að það verður séð um hér, að þær verði stimplaðar, án þess að hlutaðeigandi skattheimtumenn hafi neinn kostnað af því¹.

11. maí. **41. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um að leggja megi hjáleiguna Skafلاكot í eyði.**

Með bréfi 27. janúarmán. þ. á. hafið þér, herra amtmaður, sent hingað bréf með fylgiskjöllum frá umboðsmanninum yfir

¹) Stiptamtmaninum og amtmanninum yfir vesturumdæminu var skrifað sama dag á sömu leið.